

Orlof húsmæðra

Kt. 590706-1590

Ársreikningur 2024

***Hjá Maddý ehf.
Eyrarvegur 27
800 Selfoss***

Skýrsla stjórnar

Meginstarfsemi félagsins

Orlof húsmæðra byggir á lögum nr. 53 / 1972.

Stærsta verkefni Orlofs húsmæðra er að koma á fót og sjá um Orlof húsmæðra í samræmi við lög og reglur.

Starfsemin á árinu

Það er álit stjórnar félagsins að allar upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að glöggva sig á stöðu félagsins í árslok, rekstrarárangri ársins og fjárhagslegri þróun félagsins, komi fram í ársreikningnum.

Stjórn Orlofs húsmæðra staðfestir hér með ársreikning félagsins vegna ársins 2023 með áritun sinni.

Selfossi 10. mars 2025

Áritun skoðunarmanna.

Við kjörnir skoðunarmenn fyrir Orlof húsmæðra hefur yfirfarið ársreikning félagsins ársins 2024. Við höfum skoðað bókhald félagsins og sannreynt bankainnistæður.

Við höfum ekkert fundið athugavert og leggjum til að reikningarnir verði samþykktir.

Selfossi 21/3 25

Helga Baldursdóttir

Þóð Sigurðsinsdóttir

Áritun skoðunarmanns

Við höfum aðstoðað við gerð ársreiknings fyrir Orlof húsmæðra, árið 2024. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning og efnahagsreikning.

Við höfum skipulagt og hagað vinnu okkar í samræmi við viðurkenndar aðferðir við gerð óendurskoðaðra ársreikninga með það að markmiði að aðstoða félagið við að leggja fram ársreikning sem er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju. Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi félagsins og öðrum upplýsingum.

Við gerð ársreiknings gerðum við athuganir á bókhaldsgögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Framsetning ársreikningsins er í samræmi við lög og góða reikningsskilavenju og allar upplýsingar sem okkur eru kunnar og skipta máli koma þar fram.

Selfossi 10. mars 2025

Hjá Maddý ehf.


Margrét Katrín Erlingsdóttir

Rekstrarreikningur ársins 2024

	Skýringar	2024	2023
Rekstrartekjur			
Tekjur frá sveitarfélögum		3.854.550	3.550.350
Innborguð staðfestingargjöld,		4.322.400	3.557.400
		<u>8.176.950</u>	<u>7.107.750</u>
Rekstrargjöld			
Póstburðargjöld		5.550	4.350
Ritföng		2.499	767
Auglýsingar		93.000	194.466
Hótel		6.699.015	6.021.631
Rúta		342.000	300.000
Annar kostnaður v. Orlofs		492.810	394.616
Fundarkostnaður		73.330	20.470
Styrkir í önnur orlof		200.000	80.000
Reikningsskil		61.380	56.180
		<u>7.969.584</u>	<u>7.072.480</u>
Rekstrarhagnaður		207.366	35.270
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur		155.476	136.279
Bankakostnaður		(37.117)	(29.982)
		<u>118.359</u>	<u>106.297</u>
Hagnaður (tap) ársins		325.725	141.567

Efnahagsreikningur 31. desember 2024

Eignir	Skýringar	2024	2023
Veltufjármunir			
0325-26-175		118.906	290.568
0325-13-300902		2.209.687	1.730.329
0152-15-380945 minningasjóður		326.845	308.816
Sjóður		4.883	4.883
		<u>2.660.321</u>	<u>2.334.596</u>
Eignir samtals		<u>2.660.321</u>	<u>2.334.596</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé			
Eigið fé í upphafi tímabils		2.334.596	2.193.029
Rekstrarhagnaður (rekstrartap)		325.725	141.567
		<u>2.660.321</u>	<u>2.334.596</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>2.660.321</u>	<u>2.334.596</u>
		<u>0</u>	<u>0</u>

Orlof húsmæðra rekstur 2024

tekjur

Árborg	1.738.335
Ásahreppur	44.041
Bláskógabyggð	198.710
Flóahreppur	105.067
Grímsnes	81.017
Hrunamannahr.	130.018
Hveragerði	490.762
Rangárþing eystra	301.672
Rangárþing ytra	280.629
Skeiða og Gnúpverjahr.	88.833
Ölfus	395.466
3.854.550	

8.176.950

Innb.þáttgj.	4.472.400	(150.000)	4.322.400
--------------	-----------	-----------	------------------

Vaxtatekjur	2.333	130.029	23.114		155.476
-------------	-------	---------	--------	--	----------------

Gjöld:

samtals

					-
Rúta	342.000				342.000
Hótel Örk	6.699.015				6.699.015
Hlynur	140.000				140.000
Prentun/auglýsingar	18.600	74.400			93.000
fundakostnaður	14.236	6.660	10.610	19.870	51.376
fundakostnaður	21.954				21.954
ritföng	2.499				2.499
frímerki	5.550				5.550
Kostnaður orlof	7.110	60.000	283.500	2.200	352.810
kostnaður banki	-				-
Styrkur í önnur orlof	200.000				200.000
Reikningsskil	61.380				61.380
fjármagnstekjusk.	513	28.606	5.085	2.913	37.117
					8.006.701

Til sveitastjórna í Árnes- og Rangárvallasýslu

11.05.2025

Samkvæmt lögum um orlof húsmæðra, eiga þær konur rétt á að sækja um orlof sem veita eða hafa veitt heimili forstöðu, án launagreiðslna fyrir það starf. Samkvæmt 5. gr. laga kemur fram að „til þess að standa straum af kostnaði við orlof húsmæðra skal sveitarsjóður leggja árlega fram fjárhæð“.

Upphæð orlofsgreiðslu fyrir árið 2025, miðast við íbúafjölda 1. janúar 2025 skv. upplýsingum af heimasíðu Þjóðskrár. Talan sem reiknað er út frá, árið 2025 er kr. 156,65.-

Í samræmi við 11. gr. laga um orlof húsmæðra er orlofsnefndum skylt að senda Félags- og húsnæðismálaráðuneyti og viðkomandi sveitarfélögum árlega skýrslu um starfsemi sína ásamt reikningum.

Meðfylgjandi bréfi þessu er reikningur til þeirra sveitarfélaga í Árnes- og Rangárvallasýslu sem greiða skulu orlof, skýrsla um starfsemi orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu, ársreikningur fyrir árið 2024 og yfirlit yfir greiðslu allra sveitarfélaga sem greiða skulu í Orlof húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu.

Með vinsemd og virðingu



Erla Þorsteinsdóttir

gjaldkeri orlofs húsmæðra í Árnes- og Rangárvallasýslu

Afrit af bréfi þessu sent til:

Kvenfélagasambands Íslands

Samtaka sunnlenskra sveitarfélaga

Sambands sunnlenskra kvenna

Félags og húsnæðismálaráðuneytið

Skýrsla orlofsnefndar 2024

Orlofsnefndin kom sex sinnum saman á árinu 2024 til skipulagningar og ráðagerða, en þess utan voru mikil tölvusamskipti. Þar eð fyrri orlofsdagar á Hótel Örk höfðu heppnast vel, var ákveðið að vera þar aftur. Eftir að búið er að ákveða dagsetningar og semja við hótelið felst vinna nefndarinnar í því að útbúa auglýsingar og koma þeim í blöðin, taka við pöntunum og halda utan um þær sem og greiðslur og ekki síst að raða öllum konunum niður í herbergi við hæfi hverrar og einnar. Einnig þarf að ákveða matseðil, skipuleggja dagskrá hvers dags, fá utanaðkomandi aðila til að hafa fræðsluerindi og skemmtiatriði, afla bingóvinninga, skipuleggja dagsferð og panta rútur fyrir hana, semja við fyrirtæki og veitingastaði.

89 konur tóku þátt í húsmæðraorlofinu 22.- 26. september 2024 og tókst það með ágætum. 81 kona fór í dagsferðina en þá var ekið um Grafninginn og í kringum Þingvallavatn og sá undirrituð um leiðsögn. Við skoðuðum kirkjuna að Úlfhljótsvatni og útsýnið af Hakinu, fengum leiðsögn Guðmundar Finnbogasonar um Ljósa fossstöð, snæddum hádegisverð í Grímsborgum og enduðum í Skálholtskirkju þar sem sr. Kristján Björnsson vígslubiskup fræddi okkur um staðinn.

Mannabreytingar urðu í nefndinni á árinu þar sem Þórunn Ragnarsdóttir lét af störfum og inn kom Sigrún Björk Leifsdóttir en hún hætti síðan á haustmánuðum af persónulegum ástæðum. Rósalind Ragnarsdóttir flutti svo á Selfoss um haustið og er því ekki lengur gjaldgeng í Orlofsnefnd Rangárvallasýslu. Þarf því að kjósa tvær nýjar konur í þá nefnd á næsta ársfundi SSK.

Í orlofinu kom sú staða upp, vegna veikinda og persónulegra aðstæðna, að einungis þrjár nefndarkonur gátu verið með. Þá hljóp Brynja Bergsveinsdóttir í skarðið sem varamanneskja og Þórunn aðstoðaði okkur áfram sem sá trausti klettur sem hún hefur verið í nefndinni öll þessi ár. Færum við Þórunni bestu þakkir fyrir mjög farsælt og ánægjulegt samstarf.

F.h. orlofsnefndar,
Arndís Fannberg.